

Priðjudaginn 13. janúar 1981.

Nr. 3/1981. **Rannsóknarlögregla ríkisins**
 gegn
bæjarfógetanum í Kópavogi.

Kærumál. Synjun dómara um skipun réttargæslumanns.
 Kæruheimild. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-
 son, Ármann Snævarr og Logi Einarsson.

Með kæru 24. desember 1980, sem barst Hæstarétti 9.
 janúar 1981, hefur rannsóknarlögreglustjóri ríkisins kært
 til Hæstaréttar „synjun sakadóms Kópavogs um uppkvaðn-
 ingu úrskurðar um skipun réttargæslumanns við handtöku
 Harðar Júlíussonar, Þinghólsbraut 10, Kópavogi, . . . vegna
 rannsóknar á ætluðum refsilagabrotum Harðar . . .“. Er þess
 krafist, að synjun bæjarfógetans verði hrundið og að lagt
 verði fyrir hann að kveða upp í sakadómi úrskurð um synjun
 þessa.

Rannsóknarlögreglustjóri vísar til 4. og 10. tl. 172. gr. laga
 nr. 74/1974 um kæruheimild.

Bæjarfógetinn í Kópavogi hefur sent Hæstarétti greinar-
 gerð af sinni hálfu og krefst þess, að kæru þessari verði vísað
 frá Hæstarétti.

Hinn 19. desember 1980 ritaði rannsóknarlögregla ríkisins
 sakadómi Kópavogs svohljóðandi bréf:

„Eftir ósk Harðar Júlíussonar, Þingholtsbraut 10, Kópa-
 vogi, f. 12.01.1950, sem handtekinn var nú í morgun vegna
 gruns um brot gegn XXII. kafla hegningarlaga nr. 19/1940,
 og með vísan til 61. gr., 4. mgr., og 73. gr. laga nr. 74/1974
 er þess hér með óskað, að Guðmundur Þórðarson hdl. verði
 skipaður réttargæslumaður kærða“.

Bæjarfógetinn í Kópavogi svaraði þessu bréfi samdægurs.
 Lýsti hann þar yfir því, að hann teldi skipun réttargæslu-
 manns fyrir handtekinn mann alfarið vera lögreglumál,
 enda tengdist sú réttargæsla á engan hátt sakadóminum, fyrr

en þá hugsanlega á síðara stigi málsins. Sæi hann sér ekki fært eða skylt að verða við beiðni þessari.

Hinn 22. desember 1980 ritaði rannsóknarlögreglustjóri ríkisins sakadómi Kópavogs bréf og krafðist með vísan til 2. mgr. 73. gr. laga nr. 74/1974 úrskurðar sakadómsins um framangreinda synjun um skipun réttargæslumanns við lög-reglurannsóknina. Hann tók fram í bréfinu, að Hörður hefði verið handtekinn að morgni 19. desember vegna grunsemda, sem þá hefðu beinst gegn honum um brot á 203. gr. og 209. gr. almennra hegningarlaga, 45. gr. laga nr. 53/1966 og 16. gr., sbr. 41. gr. laga nr. 82/1969. Kvað hann Hörð hafa borið fram þá ósk, að Guðmundur Þórðarson héraðsdómslögmaður yrði skipaður réttargæslumaður sinn. Ætti Hörður rétt á því samkvæmt 4. mgr. 61. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 1. gr. laga nr. 73/1979, að honum yrði skipaður réttargæslumaður þegar eftir handtöku.

Af hálfu bæjarfógetans í Kópavogi var bréfi þessu svarað 23. desember 1980. Segir þar m. a. svo:

„Þar sem sakadómur Kópavogs hefur þegar skipað réttargæslumann samtímis úrskurði um gæsluvarðhald, uppkveðnum 19. þ. m., sem fylgir bréfi þessu, eru eigi forsendur fyrir frekari meðferð þessa tiltekna máls, hvorki með úrskurði né á annan hátt“.

Í 172. gr. laga nr. 74/1974 segir, að „aðili“ geti kært til Hæstaréttar úrskurði héraðsdómara um þau efni, er þar greinir. Þetta ákvæði ber að túlka svo, að af hálfu almenningsvalds sé kærheimild í höndum ríkissaksóknara, nema lög segi annað. Í lögum nr. 107/1976 um breytingu á lögum um meðferð oipnberra mála er ekki vikið að því, að rannsóknarlögreglustjóri hafi kærheimild. Með hliðsjón af 73. gr. laga nr. 74/1974 og þeirri stefnu, sem í henni felst, verður að telja, að kærheimild vegna framangreindrar synjunar sé í höndum ríkissaksóknara, en ekki rannsóknarlögreglustjóra ríkisins. Ber því að vísa máli þessu frá Hæstarétti.

D ó m s o r ð :

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.